



GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Grindavíkur

1. gr.

Vatnsgjald

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er eftirfarandi:

- Vegna eigna skv. a-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,10 % af fasteignamati.
- Vegna eigna skv. b-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,25% af fasteignamati.
- Vegna eigna skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,20% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

2. gr

Mælaleiga

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Nafnmál/“	Kennitákn	Mælaleiga kr. pr. ár	Mælaleiga kr. pr.dag
<25/ 1“	25	8.035	22
30/ 1¼“	30	8.520	23
40/ 1½“	40	10.495	29
50/ 2“	50	13.918	38
65/ 2½“	65	21.111	58
80/ 3“	80	30.412	83
100/ 4“	100	38.861	106
150/ 6“	150	44.807	123

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

3. gr.

Heimæðar

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfrú dýpi frá tengistað Vatnsveitu Grindavíkur við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af Vatnsveitu Grindavíkur.

Þvermál heimæðar. Plast	Verð miðað við byggingarvísitölu 113,4 fyrir apríl 2012. Lengd heimæðar 0-35 metrar.	Verð á metra umfram 35 metra.
<32	182.973	1.830
40	236.755	2.367
50	306.489	3.065
63	441.989	4.420
75	590.556	5.906



90	859.478	8.595
110	959.513	9.595
160	1.123.811	11.238

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Grindavíkur í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingu og aftengingu á byggingarvatni er 27.160 kr.

4. gr.

Greftrargjöld

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar

kr./lengdarmetra 10.735.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp: dýpt sm: kr./lengdarmetra

klaki/klöpp < 30 3.428

klaki/klöpp > 30 6.916

5.gr.

Aukavatnsgjald

Aukavatnsgjald 17 kr./m³. skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

6. gr.

Vísitölubinding

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingavísitölu í mars 2015, 123,2 stig, og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

7. gr.

Gildistaka gjaldskrár

Gjaldskrá þessi var samþykkt í Bæjarstjórn Grindavíkur 24.03.2015 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Grindavíkurbær, 24.03.2015

F.h. Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar

Jón Þórisson

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýsluviðs